

Að ræða viðkvæm viðfangsefni



Áður en hafist er handa

Það að fræða nemendur um fordóma og vinna gegn upprætingu þeirra ætti í raun að endurspeglast í kennslu allan ársins hring þar sem viðfangsefnið tengist beint í grunnþætti menntunar. Sú er þó ekki alltaf raunin og því var vinnustofan Tilheyrum við öll? sett á laggirnar. Mikilvægt er að vinna áfram með viðfangsefni vinnustofunnar að henni lokinni til að viðhalda þeirri vinnu og þeim árangri sem skapast á meðan hún stendur yfir

Þegar farið er í vinnu sem snýr að and-rasisma með nemendum er mikilvægt að átta sig á því að við búum öll yfir einhverjum fordómum. Við þurfum að geta horfst í augu við þá og vera tilbúin til að uppræta gamlar skoðanir og gildi. Mikilvægt er að gefa sér góðan tíma til undirbúnings þar sem hugtök og inntak kennslustundarinnar eru skoðuð.

Við undirbúning þurfa kennarar og annað starfsfólk að:

- velta upp eigin viðhorfum, tilfinningum, reynslu og gildum
- íhuga hvort ómeðvitaðir fordómar séu til staðar og hvaða áhrif það geti haft á nálgun þeirra
- átta sig á valdastöðu sinni í kennslustofunni og gæta þess að misnota hana ekki

Einnig er mikilvægt að spyrja sig:

- Hvaða viðfangsefni vekja óöryggi hjá mér?
- Hvaðan kemur sú tilfinning?
- Hvernig get ég undirbúið mig betur?

Viðfangsefni sem verða tekin fyrir í vinnustofunni geta vakið sterkar tilfinningar, minningar og skoðanir hjá nemendum. Þegar unnið er með fordóma og áreiti er mikilvægt að skapa öruggt rými þar sem virðing er höfð í fyrirrúmi. Nemendur eiga allir að geta tekið þátt án þess að upplifa skömm, ótta eða útilokun. Í þessari vinnustofu er áhersla á málefni sem oftast en ekki eru viðkvæm og skiptir þar undirbúningur kennara miklu máli. Mikilvægt er að geta farið af öryggi og mýkt inn í kennsluna en vita samt hvar mörkin liggja og hvenær þarf að stíga inn í umræðuna. Það þýðir þó ekki að það þurfi að búa yfir svörum við öllum spurningum sem gætu komið upp.

Umhverfi í kennslustofunni

Umhverfið þarf að vera öruggt fyrir alla og enginn nemandi á að upplifa sig í óöryggann eða tilneyddann til að deila sinni persónulegri reynslu.

Með því að fara yfir viðfangsefnið, kynna sér það vel og setja upp kennslustundina er hægt að koma í veg fyrir að nemendur upplifi sig í óþægilegri stöðu. Mikilvægt er að fara yfir grundvallarreglur áður en hafist er handa. Kennari og nemendur þurfa að eiga samtalið og búa til sameiginlegar reglur.

Að ræða viðkvæm viðfangsefni



Dæmi um sameiginlegar reglur sem ættu að ríkja í kennslustofunni:

- Við hlustum á hvert annað.
- Við tölum aðeins út frá okkar eigin upplifun.
- Við virðum mismunandi skoðanir þótt við séum ósammála.
- Ekki er hægt að neyða einn né neinn í að deila persónulegri reynslu.

Ef fjalla á um sérstaklega viðkvæm málefni, svo sem niðrandi orð eða nýðyrði (t.d. n-orðið), er mikilvægt að allir þeir sem gætu hafa lent í því að verða fyrir slíku aðkasti fái val um að sitja kennslustundina. Ef nemandi velur það að sitja kennslustundina þarf að gæta þess vel að hann verði ekki settur í óþægilega stöðu eða að hann verði miðpunktur umræðunnar.

Í umræðum

Líkt og fram hefur komið er nauðsynlegt að búa til sameiginlegar reglur og mörk sem öllum ber að fylgja eftir í kennslunni. Það er í verkahring kennarans að halda utan um umræðurnar og tryggja það að allir fari eftir settum reglum.

Í umræðum þarf kennari að:

- átta sig á því og koma orði á þegar nemendur rugla saman skoðunum og staðreyndum.
- aðstoða nemendur í því að skilja muninn á því sem sagt er og hvaða áhrif það getur haft á einstaka hópa.
- ýta undir gagnrýna hugsun nemenda.
- styðja við nemendur að koma orðum á hlutina með virðingu að leiðarljósi.

Í umræðum geta komið upp flóknar og krefjandi spurningar. Í slíkum aðstæðum er mikilvægt að halda umræðunni uppbyggilegri og sýna nemendum að spurningar þeirra séu verðugar.

Mikilvægt er að kennari:

- sýni að spurningin sé velkomin.
- byðji nemandann um að útskýra hana nánar ef þörf er á.
- viðurkenni ef hann veit ekki svarið en sé jafnframt tilbúin til að leita svara.
- útskýri að spurningin sé áhugaverð og krefjist ítarlegs svars og lofar að koma aftur að henni þegar tími hefur gefist til að skoða málið betur.

Ef nemandi er ekki að ráða við aðstæður í kennslustofunni, til dæmis með fíflalátum eða truflandi hegðun, er það í hlutverki kennarans eða annars starfsfólks að taka hann tímabundið úr aðstæðum. Ávallt þarf að gæta þess að umræðan endurspeglar af virðingu, hlustun og sé örugg öllum.

Að ræða viðkvæm viðfangsefni



Þegar kennari upplifir að hann sé að missa tókin á umræðunni og/eða erfið eða særandi ummæli koma fram er mikilvægt að kennari haldi ró sinni. Stundum er nauðsynlegt að stöðva umræðuna. Á öðrum tímum er hægt að taka hlé, fara yfir það sem kom fram og beina umræðunni í réttan farveg.

Í lok hvers tíma er mikilvægt að taka tíma til að draga saman inntak kennslunnar á sama tíma og nemendur eru hvattir til að ígrunda.

Kennari gæti hvatt nemendur til að:

- velta fyrir sér eigin afstöðu.
- hugsa um hvað þeir hafi lært um sjálfa sig og aðra.
- íhuga hvernig þeir geti verið virkir þátttakendur í að uppræta fordóma í sínu samfélagi.